

Professional Rullspackel

Rúlluspartl

Efnislýsing

Professional Rullspackel er fyllandi alhliða léttspartl ætlað til rúllu-spörtlunar innanhúss og er sérstaklega þróað til notkunar við endurbætur á eldra húsnæði en hentar einnig vel í nýbyggingum. Notist við hvers konar spörtlun á byggingaplötum og steypum flötum, ópússuðum sem pússuðum. Professional Rullspackel má einnig nota á veggfóðurssamskeyti og málaða fleti í þurrum rýmum innanhúss o.fl.

Vegna sérstakrar efnasamsetningar Professional Rullspackel er spartlið hentugt við lagningu borða í veggjasamskeyti samkvæmt stöðlum HusAMA 11.



Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr og vel bundið án lauss yfirborðslags. Viðeigandi búnaður til að bera Professional Rullspackel á flötinn er rúlla með framlengingarskafti. Besta áferð á vegg eða loft næst ef notaður er stór spartlspaði til að slétta úr spartlinu eftir rúllun.

Við pússun er mælt með notkun rykgríma og verndun augna. Spartlið ekki ef hitastig er undir +5 °C.

Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar spartlið er fjarlæggt með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal spartla í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta spartlötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella spartleifum eða hreinsivökva í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Bindiefni: Latexþeytulausn
Kornastærð: Mest 0,16 mm.
Þéttleiki: 1,0
Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 4 klst en veltur mjög á þykkt spartls
Mesta þykkt: Um 5 mm
Lágmarkshiti við spörtlun: +5°C
Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%
Þynning: Vatn
Verkfæri: Spartlspaðar
Efnið í notkun: Auðvelt að slípa
Litur: Gráleitur
Umbúðir: 15 lítra fötur
Hreinsun: Sápuvatn
Geymsla: Í frostfríu rými

Í samræmi við kröfur um CE-merkingar samkvæmt tilskipun EN 13963 og EN 15824

Umhverfi

Efnið uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org